

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2000

frá 25. febrúar 2000

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.
- 2) Nauðsynlegt er að uppfæra aðlögunartextann við 2. lið í XVI. viðauka og viðbætana við þann viðauka, þar eð nokkrar villur hafa komið í ljós.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Breyta ber XVI. viðauka við samninginn eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 172.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Gildistökudagur: 1.7.2000.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2000

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, þar með töldum 1., 2., 4., 5., 9., 12. og 13. viðbæti:

1. Í 2. lið (tilskipun ráðsins 93/37/EBE), „GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL“, komi eftirfarandi í stað textans í aðlögunarlið b:

„Eftirfarandi bætist við 25. gr.:

- „- á Íslandi, Firmaskrá, Hlutfélagaskrá,
- í Liechtenstein, Handelsregister, Gewerberegister,
- í Noregi, Foretaksregisteret“.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti:

1. Í III. lið undir undirtitli „Stofnanir“, komi færslan „Norges forskningsråd (Rannsóknarráð Noregs)“ í stað „Norges Teknisk-naturvitenskapelige forskningsråd (Konunglega norska vísinda- og rannsóknaráð ið á sviði iðnaðar)“ og færslurnar „Statens Innvandr- og Flyktningeboliger“ og „Medisinsk Innovasjon Rikshospitalet“ falli brott.

2. Í III. lið komi eftirfarandi í stað færslanna undir undirtitli „Flokkar“:

- „- statsbedrifter i henhold til lov om statsforetak (LOV 1991-08-30 71) (ríkisfyrirtæki),
- statsbanker (ríkisbankar),
- universiteter og høyskoler i henhold til lov om universiteter og høyskoler (LOV 1995-05-12 22) (háskólar).“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti:

1. Önnur færsla viðvíkjandi Liechtenstein (Liechtensteinische Post-, Telefon- und Telegrafienbetriebe) falli brott frá og með 1. janúar 2000.

2. Gera ber eftirfarandi breytingar viðvíkjandi Noregi:

- a) færslan „Statens ungdoms- og adopsjonskontor (Barna- og ættleiðingastofa ríkisins)“ komi í stað færslunnar „Statens adopsjonskontor (Ættleiðingaskrifstofa ríkisins)“;
- b) færslan „Riksadvokatembedet (Embætti ríkissaksóknara)“ komi í stað færslunnar „Riksadvokaten (Ríkissaksóknari)“;

- c) bæta ber færslunni „Eierskapstilsynet (Eftirlitsstofnun Noregs með eignarhaldi á fjölmiðlum)“ við sem fyrstu færslu undir fyrirsögninni „Kulturdepartementet (Menningarmálaráðuneytið)“;
- d) færslan „Statens Filmsentral (Norska kvikmyndastofnunin)“ falli brott;
- e) færslan „Reindrifstforvaltningen (Hreindýrarækt ríkisins)“ komi í stað færslunnar „Reindrifstadministrasjonen (Hreindýraeftirlit ríkisins)“;
- f) færslan „Post- og teletilsynet (Póst- og fjarskiptastofnun Noregs)“ komi í stað færslunnar „Statens teleforvaltning (Fjarskiptastofnun ríkisins).“

4. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. viðbæti:

1. Eftirfarandi komi í stað textans viðvíkjandi Íslandi:

„Landsvirkjun, *lög nr. 42/1983*.

Rafmagnsveitur ríkisins, *orkulög nr. 58/1967*.

Orkuveita Reykjavíkur, *lög nr. 38/1940*.

Hitaveita Suðurnesja, *lög nr. 100/1974*.

Orkubú Vestfjarða, *lög nr. 66/1976*.

Önnur fyrirtæki sem framleiða, flytja eða dreifa raforku samkvæmt *orkulögum nr. 58/1967*.“

2. Í ákvæðinu viðvíkjandi Noregi falli eftirfarandi texti brott: „lov om bygging og drift av elektriske anlegg (LOV 1969-06-19 65).“

5. Eftirfarandi komi í stað færslan viðvíkjandi Íslandi í 5. viðbæti:

„Orkuveita Reykjavíkur, *lög nr. 38/1940*.

Hitaveita Suðurnesja, *lög nr. 100/1974*.

Önnur fyrirtæki sem flytja eða dreifa varma samkvæmt *orkulögum nr. 58/1967*.“

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. viðbæti:

1. Eftirfarandi komi í stað færslna viðvíkjandi Íslandi:

„Strætisvagnar Reykjavíkur

Almenningsvagnar bs.

Önnur þjónusta almenningsvagna á vegum sveitarfélaga.

Fyrirtæki sem annast flutninga á landi og starfa samkvæmt 3. gr. *laga nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópperðabifreiðum*.“

2. Eftirfarandi komi í stað færslunnar viðvíkjandi Liechtenstein, frá og með 1. janúar 2000:

„Liechtenstein Bus Anstalt (Almenningsvagnaráð Liechtenstein).“

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 12. viðbæti:

Eftirfarandi komi í stað færslunnar viðvíkjandi Liechtenstein:

„Liechtenstein TeleNet AG (Fjarskiptanetsfélag Liechtenstein).“

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 13. viðbæti:

Eftirfarandi komi í stað færslunnar viðvíkjandi Liechtenstein:

„Regierung des Fürstentums Liechtenstein (Landstjórn furstadæmisins Liechtenstein).“